

Með kökukefli, tannbursta og kítisspaða að vopni

Kristín Sveinsdóttir ræðir við
Eyðísi Lúðvíksdóttur leirlistakonu
í tilefni sýningar hennar á Kjarvalsstöðum
í sumar og lítur inn í Listasmiðju Glits

Eyðís Lúðvíksdóttir fæddist í austurbænum í Reykjavík og ólst þar upp. Nánar tiltekið í Hlíðunum. Hún stundaði nám í Myndlistar- og handíðaskóla Íslands og lauk þaðan prófi úr kennaradeild vorið 1971. Eftir það stundaði hún kennslu í tvö ár, en tók sér síðan fri og helgaði sig barnauppleidi í nokkur ár. Á þeim tíma vann hún þó töluvert við gluggaútsýningar í verslunum og við að setja upp sýningar, s.s. bása á Heimilissýningum og öðrum slíkum. Einnig ferðaðist hún til útlanda á vegum Glits hf. og setti upp sýningar fyrir fyrirtækið. Frá árinu 1979 hefur Eyðís starfað sem listráðunautur hjá Gliti sér til mikils yndis. Stöðugt blundaði samt með henni löngun til að vinna ýmsar af hugmyndum sínum í postulínsleir, og þegar henni bauðst aðstoða í Listasmiðju Glits, tók hún henni tveim höndum. Hún byrjaði að vinna þar um síðustu áramót. Öll orka hennar og einbeiting fékk að njóta sín í þessu óskaverkefni og hún var útbrunnin eftir hvern einasta dag. Stundum varð hún að taka sér frí því þá var kollurinn tómur, hugmyndirnar vildu ekki verða til. Í júní síðastliðnum opnaði hún sýningu á 47 verkum sínum að Kjarvalsstöðum og hafði selt 26 þeirra fjórum dögum síðar þegar þetta viðtal var tekið. Geri aðrir betur.

En áður en ég hittir Eyðísi að máli langaði mig til að skoða Listasmiðjuna í Gliti. Ég hafði að vísu haft óljósa hugmynd um tilvist hennar, en ekki gert mér grein fyrir því merkilega framtaki hjá forráðamönnum iðnfyrirtækis að bjóða listamönnum afnot af húsakynnum sínum, tækjakosti og verkþekkingu.

Flestir landsmenn þekkja vörurnar frá Gliti, en áreiðanlega er mörgum eins farið og mér að vita ekki, hvað framleiðslan er fjölbreytt og falleg. Einn þriðji hluti hennar er seldur til útflutnings, einn þriðji hluti erlendum ferðamönnum hérlandis og einn þriðji hluti á heimamarkaði, en sá þáttur vex jafnt og þétt. Orri Vigfússon, framkvæmdastjóri, sagði þá samt ekki alltaf vera í lukkupottinum:

— „Stundum kviknar góð hugmynd,“ sagði hann. „Hönnunin tekur skamman tíma, hluturinn er einfaldur í framleiðslu og selst vel. Handunna oliukolan okkar sem unnin er í steinleir er gott dæmi um stykki, sem notið hefur fádæma vinsælda. Hún hefur nú þegar selst í meira en




Steinblómið — einnig unnið fyrir Glit.

hundrað þúsund eintökum og selst enn jafnt og þétt. Í öðru tilvikum teljum við okkur vera með ljómandi góða hugmynd. Hönnun og tilraunir með framleiðsluna tekur marga mánuði en einhverra hluta vegna selst varan alls ekki og við sitjum uppi með birgðirnar og sárt enníð.“


Ég sagðist frá upphafi hafa verið óskaplega hrifin af Steinblóminu, þar sem þurrkaðar jurtir eru brenndar í leirinn. Frumlegir munir og fagrir.

— „Eyðís átti hugmyndina að Steinblóminu og það varð strax mjög vinsælt. En því miður er það geysilega erfitt í vinnslu og af því verða mikil afföll. Eyðís safnar plöntunum og svo ég sjálfur,“ sagði Orri. „Sú vinna þarfnast mikillar nákvæmni. Ég fer ekki svo úr borginni á sumrin að ég taki ekki með mér stafla af dagblöðum til að leggja plönturnar á milli.“ Orri segir að plöntusöfnunin sé skemmtilegt verk og lærdómsríkt og smátt og smátt hafi hann öðlast staðgóða þekkingu á íslensku flórinni.

En stærsti hluti framleiðslu þeirra í Gliti telst til nytjalistar. Það eru hlutir



Eyðís Lúðvíksdóttir fyrir utan Kjarvalsstaði, þar sem hún sýndi í sumar. — „Ég gerði mér vonir um gagnrýni, sem ég gæti haft gagn af, en sú von brást.“



Að húsabaki — gamalkunnugt myndefni útfært í leir.

sem samræma notagildi og fegurð. Sælkeralínurnar eiga til dæmis sívaxandi vinsældum að fagna, en þar er um að ræða matar- og kaffistell, tesett og fleira í þeim dúr.

Aðalerindi mitt með þessari heimsókn var að skoða Listasmiðjuna og forvitnast um hana. Orri hefur aftur orðið:

— „Hugmyndin að Listasmiðjunni kviknaði á 25 ára afmæli Glits fyrir nokkrum árum. Okkur datt í hug að leggja einum listamanni lið í senn með því að láta honum í té vinnuádstöðu, afnot af brennsluofnum og svo verkþekkingu, æskti hann hennar. Á móti nýtum við þekkingar listamannsins, reynslu hans og hugmynda. Okkur fannst að þessi samvinna gæti verið báðum aðilum í hag. Sex listamenn hafa nú þegar fengið aðstoðu í Listasmiðjunni, en það eru Ragnar Kjartansson, Ragnhildur Stefánsdóttir, Hringur Jóhannesson, Gunnar Örn, Magnea Hallmundsdóttir og svo Eyðís Lúðvíksdóttir núna síðast. Listamennirnir hafa fengið alla ráðgjöf sem þeir hafa óskað eftir hér á staðnum, en við höfum á að skipa mjög færum sérfræðing-

um í mótasmið, glerjungsvinnu o.s.frv. Ekki alls fyrir löngu tókum við í notkun tölvustýrða ofna, þannig að listamanninum er í sjálfsvald sett, hver hitaferillinn er meðan á brennslu stendur. Flestir listamennirnir hafa haldið sýningar að loknum starfstíma sínum í Listasmiðjunni, nú síðast einmitt Eyðís Lúðvíksdóttir.“

Og ég lagði leið mína á Kjarvalsstaði til að hitta hana Eyðísi að máli. Þegar ég tólti yfir Miklatúnið undir skínandi bláum himni og horfði á fegurðina í kring um mig, var ég að hugsa um, hvort Guð hefði nokkurn tíma gefið Reykvikingum blíðara sumar. Mér fannst hann góður við okkur, og við líka eiga það skilið.

Hún var líka falleg, hún Eyðís, í buxnaðragt, svartri með íofnum gullþræði. Og með hæstmóðins hálstau, blátt við fannhvíta skyrtu.

— „Ég átti von á þér,“ sagði hún ljóshærð og brosleit og þrýsti hönd mína.

— „Áður en við byrjum að tala saman ætla ég að skoða postulínsbollana þína,“ sagði ég. Hún leit á mig, kímín, og rétti mér eintak af sýningarskránni, án orða.